

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. apríl 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), 131. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Ákærendafélagi Íslands ofangreint frumvarp til umsagnar.

Ákærendafélag Íslands gerir athugasemdir við hækkun kynferðislegs lágmarksaldur og telur ekki tímabært að hækka aldurinn. Um er að ræða stórar breytingar og engin rannsókn virðist liggja að baki frumvarpinu sem styður það að nú sé tilefni til að hækka aldurinn.

Í frumvarpinu er bent á það að engir dómur hafa fallið hérlandis þar sem ákært er fyrir kynferðislegt samneyti barna yngri en 15 ára við einstakling sem er fáeinum árum eldri. Ákærvaldið hefur heimild til að beita ákærufrestun í þeim tilvikum og lýkur þeim málum því langoftast með skilorðsbundinni frestun ákæru á skrifstofu Héraðssaksóknara, ef skilyrðin eru uppfyllt.

Að öðru leyti er tekið undir það sem fram kom í umsögn Héraðssaksóknara um frumvarpið dags. 6. mars 2023 og umsögn Ákærendafélags Íslands, dags. 13. mars 2023.

F.h. Ákærendafélags Íslands

Anna Barbara Andradóttir, formaður